

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/6**2017/EES/40/14****frá 31. október 2014****um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 til að taka tillit til þróunar á massa nýrra fólksbifreiða sem skráðar voru 2011, 2012 og 2013 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 frá 23. apríl 2009 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samþættri stefnu Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Á þriggja ára fresti ber að lagfæra meðalmassagildið, sem notað er til að reikna út sértæka losun koltvísýrings fyrir hverja nýja fólksbifreið, til að taka tillit til allra breytinga á meðal massa nýrra ökutækja sem skráð eru í Sambandinu.
- 2) Ljóst er af vöktun á massa nýrra fólksbifreiða sem voru tilbúnar til aksturs og skráðar á almanaksárunum 2011, 2012 og 2013 að meðalmassi hefur aukist og því ætti að lagfæra tölugildið M_0 sem um getur í b-lið 1. liðar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 443/2009.
- 3) Gera ætti undantekningu við þessa fyrstu lagfæringu og taka tillit til þess að gæði vaktaðra gagna á árunum 2011, 2012 og 2013 hafa verið mismunandi. Nýja gildið ætti því að ákvarðast einungis með tilliti til þeirra massagilda sem hlutaðeigandi framleiðendur hafa getað staðfest og undanskilja frá útreikningnum gildi sem voru augljóslega röng, þ.e. gildi sem eru hærri en 2 840 kg eða lægri en 500 kg ásamt gildum sem tengjast ökutækjum sem féllu ekki innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 443/2009. Nýja gildið ætti enn fremur að byggjast á vegnu meðaltali með tilliti til fjölda nýrra skráninga á hverju viðmiðunaráranna.
- 4) Með hliðsjón af því ætti að hækka M_0 gildið sem á að nota frá og með 1. janúar 2016 um 20,4 kg, úr 1372,0 í 1392,4.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað b-liðar 1. liðar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 443/2009 komi eftirfarandi:

„ b) Frá 2016:

$$\text{Sértæk losun á koltvísýringi} = 130 + a \times (M - M_0)$$

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 3, 7.1.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2017 frá 16. júní 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjttíð. ESB L 140, 5.6. 2009, bls. 1.

Þar sem:

M = massi ökutækis í kílógrömmum (kg)

M_0 = 1392,4

a = 0,0457“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.
